



Velferðarráð

Reykjavík, 1. september 2025

SFS25050015

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að koma betur til móts við hagsmuni barna foreldra sem fá fjárhagsaðstoð

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 11. lið fundargerðar skóla- og frístundaráðs frá 5. maí 2025:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið taki til skoðunar hvernig koma megi betur til móts við hagsmuni barna og ungmenna sem eiga foreldra er reisa lífsviðurværi sitt á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar. Í þessu felst að sviðið taki málið til þverfaglegrar skoðunar, svo sem í samstarfi við önnur svið borgarinnar, t.d. velferðarsvið og menningar- og íþróttasvið. Markmið vinnunnar væri að fjölga tækifærum barna sem eiga tekjulága foreldra og háðir eru fjárhagsaðstoð borgarinnar.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til meðferðar velferðarráðs.

Virðingarfyllst,

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík